

STARFSLÝSING VERKEFNASTJÓRA KLÚBBS

Verkefnastjóri klúbbs er kosinn á aðalfundi klúbbs til tveggja ára. Hann má endurkjósa til tveggja ára.

HÆFNISKRÖFUR

Verkefnastjóri klúbbs skal hafa til að bera:

1. Yfirgripsmikla þekkingu og áhuga á verkefnavinnu Alþjóðasambands Soroptimista (SI), Evrópusambands Soroptimista (SI/E), Soroptimistasambands Íslands og klúbbs síns.
2. Ábyrgð og áhuga á að stýra og samræma verkefnavinnu klúbbs
3. Almenna reynslu af verkefnavinnu.
4. Góða hæfni í munnlegri og skriflegri tjáningu á öðru hvoru eða báðum opinberu tungumálum SI/E (frönsku og/eða ensku).
5. Mjög góða tölvufærni.

ÁBYRGÐ

1. Að kynna verkefnakjarna (Programme Focus Objectives) SI, SI/E og Landssambands, svo og verkefni sem Sameinuðu þjóðirnar eiga frumkvæði, með því að vinna með sínum klúbbi og gefa klúbbfélögum ráð og leiðbeiningar.
2. Að vinna með verkefnastjóra og aðstoðarverkefnastjóra Landssambands og gefa þeim skýrslur.
3. Að sækja fundi og gefa skýrslur til stjórnar klúbbsins um alla verkefnavinnu.

SÉRSTÖK VERKEFNI

1. Að vinna með verkefnastjóra og aðstoðarverkefnastjóra Landssambands í gegnum tölvupóst og símafundum.
2. Að vera tengiliður milli klúbbstjórnar, verkefnastjóra og aðstoðarverkefnastjóra Landssambands í öllum málum er varða verkefnavinnu.
3. Að gefa verkefnastjóra og aðstoðarverkefnastjóra Landssambands skýrslu um mál er snerta verkefnavinnu eða mál sem þarfnast sérstakrar athygli um leið og slík mál koma upp.
4. Að kynna fyrir klúbbfélögum verkefni unnin á vegum SI/E og Landssambands.
5. Að aðstoða við útfærslu og framkvæmd verkefna á vegum klúbbs.

6. Að hvetja til notkunar á gagnabanka SI við innslátt á PFR-skýrslum og fylgjast með PFR-skýrslum klúbba og minna klúbba á að skila skýrslum í gagnabankann.
7. Að leggja til efni í greinar Landssambands í *Link* um áhugaverð verkefni unnin á vegum klúbbsins.
8. Að kynna klúbbfélögum verkefni og ákvarðanir teknar af SI/E og Landssambandi.
9. Að tryggja að klúbburinn hafi nægilegt kynningarefni á verkefnum SI, SI/E og Landssambands.
10. Að sækja fundi og gefa skýrslur um verkefnavinnu á klúbbfundum.
11. Að leggja til aðgerðir og kynningarefni til að kynna verkefni SI, SI/E. Landssambands og klúbbs.
12. Við lok kjörtímabils síns skal verkefnastjóri klúbbs afhenda án tafar öll gögn og skjöl til eftirmanns síns til að tryggja samhengi í störfum embættisins en jafnframt vera til staðar til ráðgjafar.